

## Stjórnarfundur Prentsöguseturs 04.10.22

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegi 29b. **Fundartími:** 11:00

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Heimir Örn Gunnarsson, Ágúst Guðjónsson, Grímur Kolbeinsson, Hjörtur Guðnason og Katrín Jónsdóttir.

### Dagskrá fundar:

1. Skálholt
2. Fjármál
3. Tæming kjallarans
4. Framtíðarpælingar
5. Önnur mál

### 1. Skálholt

Engar breytingar hafa orðið frá síðasta fundi. Húsnæði Prentsöguseturs bíður í raun eftir að Skálholtsstaður gangi frá sínum málum; þ.e. gangi frá aðstöðu fyrir móttöku á efri hæð og bókasafni sínu (sem enn er í turni kirkjunnar). Fyrir en það er orðið er ekki hægt að ganga til fulls frá sýningunni.

### 2. Fjármál

Búið er að senda út styrktarbeiðnir til fyrirtækja. Vonir eru bundnar við að safna fyrir flutningum á Laugavegi með styrkjum frá fyrirtækjum. Tryggvi er búin að taka til í félagaskránni því einhverjir höfðu ekki greitt. Rætt var um að hugsanlega hefði orðið misskilning við skráningu nokkra félaga, þeir einstaklingar höfðu talið að um eingreiðslu væri að ræða en ekki árleg félagsgjöld, en nú er búið að greiða úr því. Félagsgjöld verða næst send út í mars 2023. Það sem komið hefur inn að undanförunu hefur dekkjað húsaleigu og annað sem tengist rekstri félagsins, að öðru leyti er staðan góð.

### 3. Tæming kjallarans

Haukur Már lagði til að Grímur, Hjörtur og Tryggvi myndu hafa yfirumsjón með flutningum, það var samþykkt. Skila þarf setjaravél sem er í Gömlu prentsmiðjunni til Borgarsögusafns, félagið á setjaravél í góðu ásigkomulagi í geymslu. Umræða varð um stóru vélarnar í Gömlu prentsmiðjunni, ákveðið var að leita ráða til að meta hvaða vélum eigi að halda, því við eigum nú þegar mikið af góðum vélum og smáhlutum í geymslu. Stefnan er tekin á að hittast fljótlega aftur og fara yfir hvernig eigi að standa að flutningum.

#### **4. Framtíðarpælingar**

Þreifingar hafa verið við nokkur sveitarfélög um húsnæði fyrir Prentsögusetur um hríð sem ekki hefur skilað árangri enn, en haft verið samband við félagið um nánari upplýsingar. Rætt var um stærð safnsins og hvort við þurfum hugsanlega að endurhugsa stærð. Rætt var um umgjörð sem safnið þarf, hvað er í raun gamalt, eftir hvaða ár nútíminn tekinn við í prentiðnaði og markhóp framtíðarsafns. Allir voru sammála að hugsa stórt og varðveita meira en minna á meðan endanlegt húsnæði er ekki komið. Hugsanlega væri hægt að styrkja önnur söfn með safnmunum í stað þess að farga. Einnig var velt upp hugmyndum sem áður höfðu komið upp, eins og hvort við ættum að ræða við önnur iðnaðarfélög til að kanna hug þeirra um söfnun og varðveislu minja og sögu iðnaðargreina sinnar. Hugmyndin með því er að kanna hvort við gætum átt í samstarf með sameiginlegu framtíðarhúsnæði.

#### **5. Önnur mál**

Engin mál voru tekin upp undir önnur mál.

Fundi slitið 12:18

Katrín Jónsdóttir, ritaði.